

# Tillaga til bæjarráðs

Tillögu flytjandi: Bæjarfulltrúar D lista

Dags: 1. mars 2023

## Tillaga:

Bæjarfulltrúar D-lista leggja fram tillögu um að Mosfellsbær auglýsi eftir áhugasömum aðilum um að taka að sér rekstur tjaldsvæðis í Mosfellsbæ þar til nýtt tjaldsvæði í ævintýragarðinum verður opnað.

## Greinargerð:

Flest sveitarfélög á Íslandi eru með tjaldsvæði sem er sjálfsögð þjónusta við innlenda og erlenda ferðamenn. Undanfarin ár hefur verið rekið tjaldsvæði í Mosfellsbæ á Varmárhóli sem hefur notið vinsælda.

Tjaldsvæði laða að ferðamenn í Mosfellsbæ og styðja þau við fyrirtæki í þjónustu og verslun í bænum og auka fjölda ferðamanna í bæjarfélaginu sem þar dvelja og njóta alls sem Mosfellsbær hefur upp á að bjóða.

Nú hefur verið tekin ákvörðun um að loka tjaldsvæðinu á Varmárhóli vegna framkvæmda sem eru við Kvíslarskóla auk þess sem tjaldsvæðið var bráðabirgðalausn sem fyllir ekki upp í nútímakröfur um tjaldsvæði.

Á skipulagi Ævintýragarðsins í Mosfellsbæ sem er á milli Leirvogstunguhverfis og Varmárskóla og íþróttasvæðis er gert fyrir framtíðar tjaldsvæði sem er ekki komin ákvörðun um hvenær muni opna.

Þangað til það verður tilbúið leggja fulltrúar D-lista í Mosfellsbæ fram tillögu um að auglýst verði eftir aðilum til að reka tjaldsvæði í Mosfellsbæ finnist til þess hentugt svæði og yrði það rekið þar til nýtt tjaldsvæði verður tilbúið í Ævintýragarðinum.